

Starfsáætlun leikskólans

Vesturkots

2023 – 2024



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfylltrúa leikskóla fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.1 Innra mat leikskólans.....	6
2.2 Ytra mat.....	7
2.3 Umbótaáætlun samkvæmt innra- og ytra mats.....	7
2.4 Húsnæði og lóð.....	8
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	9
4. Starfsmannamál og áætlanir	12
4.1. Starfsmannahópurinn 1. Maí	12
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	12
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	12
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	13
5. Aðrar upplýsingar	15
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	15
5.2 Foreldrasamvinna.....	15
5.3 Almennar upplýsingar	16
5.4 Áætlanir	16
5.5 Fylgirit	17
• Matsgögn.....	17
• Leikskóladagatal	17
• Umsögn foreldraráðs.....	17
• Annað	17

1. Inngangur

Skólaárið 2022-2023 gekk að mörgu leiti vel í leikskólanum þrátt fyrir margar nýjar áskoranir. Það voru töluverðar fjarverur hjá starfsfólki vegna veikinda um tíma sem var kannski svipað í samfélaginu öllu eftir covid-einangrun. Sumir voru að taka út gamla orlofsdaga eftir fæðingarorlof og aðrir tóku út orlofsdaga sem þeir áttu inni vegna langvarandi veikinda. Síðan var samið um í Kjarasamningum að allir fengju 30 daga orlof og einnig samið um aukin undirbúningstíma fyrir starfsfólk í KÍ og í öllu þessu vorum við að innleiða styttingu vinnuvikunnar. Þrátt fyrir þetta tókst okkur nokkuð vel að takast á við þessi krefjandi verkefni, finna lausnir til að halda skólastarfinu gangandi og halda okkar metnaðarfulla starfi. Foreldrar þurftu þó í nokkur skipti að ná í börnin sín fyrr þetta skólaárið vegna fjarveru starfsmanna og áttum við í góðu samstarfi við foreldra vegna þessa og sýndu þeir ómetanlegan skilning á stöðunni.

Fagstarfið hjá okkur er sífellt í endurskoðun og þróun enda mikill áhugi, metnaður ríkjandi hjá starfsfólki og þorsti að bæta við sig þekkingu. Til þess að einfalda hópstjórum að halda utan um starfið með börnunum og gera það faglegra höldum við áfram að þróa **skipulagsmöppur** fyrir þá. Með þeim hafa hópstjórar ákveðinn ramma til að vinna eftir en hafa þó ákveðið svigrúm til að vinna sínar hugmyndir og hugmyndir barnanna að hópastarfi og fyrir Brúar- og Bryggjustundirnar en tveir elstu árgangar leikskólans fara í þær stundir í hádeginu. Þetta skólaárið höfum við tekið ákvörðun um við efla matsaðferðir innan skólans og beina sjónum okkar að því að efla lýðræði barnanna og hafa þar Barnasáttmálann til hliðsjónar.

Einkunnarorð leikskólans voru höfð að leiðarljósi en þau eru lífsgleði, leikur og leikni. Í einkunnarorðunum felst að lífsgleðin er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu. Jafnframt eru börnin hvött til að tileinka sér það viðhorf til lífsins. Leiknin er þjálfuð í daglegu starfi með því að efla þroskaþætti, ýta undir sjálfshálp og styrkja sjálfsmynd barnanna á hvetjandi og glaðlegan hátt. Leikurinn er svo helsta kennslutækið til að þjálfva og miðla lífsgleði og leikni til barnanna.

Eitt af okkar markmiðum var að skapa eina góða heild innan skólans eins og við þekkjum, auka vellíðan starfsmanna, efla starfsandann, samheldnina og samvinnu milli deilda sem hafði dvínað á meðan covid tíminn stóð yfir þegar allir voru í sínu horni. Enda kom það fram í starfsmanna-samtölum og vinnustaðakönnun síðasta árs að ríkur vilji var hjá starfsfólki að gera betur.

Niðurstöður úr nýlegum starfsmannsamtölum, vinnustaðagreiningu Hafnarfjarðar og Skólapúlsins sem Mennta og Lýðheilsusvið stóð fyrir segja okkur að vel hafi tekist til. Vellíðan hefur aukist meðal starfsmanna, starfandinn mun léttari og samvinnan mjög góð. Með einlægum vilja allra, samheldni og góðri samvinnu innan skólans hefur okkur tekist vel til þrátt fyrir margar áskoranir þetta skólaárið. Síðan er það okkar allra að halda áfram á þessum stað sem við erum komin á.

Það sem við gerðum nýtt á árinu má fyrst nefna að Vesturkot var fyrsti leikskólinn í Hafnarfirði til að verða **Heilsueflandi vinnustaður**. Það skref tókum við eftir kynningu frá Huldu Sólveigu, verkefnastjóra heilsueflandi vinnustaðar þar sem okkur fannst þetta spennandi verkefni. Þar sem við erum að leggja áherslu á góðan starfsanda í leikskólanum. Það hefur heldur betur tekist vel til og höfum við breytt og bætt margt án mikillar vinnu. Til að koma til móts við mikinn þorsta í að bæta við sig þekkingu og auka samheldni gerðum við tilraun með að bjóða upp á **deildardag einu sinni á**

Önn. Deildafundur haustannar var útfærður þannig að hver deild fékk dag til að heimsækja 2 leikskóla í Hafnarfirði, fá sér hádegisverð saman og draga þá um leið saman það sem þeim fannst standa upp úr, tíminn var á milli 9:00 og 13:00. Stjórnendur og aðrir starfsmenn sáu um börnin á þeirri deild á meðan. Deildarstjórar upplýstu síðar á stjórnendafundi frá því sem stóð upp úr og höfum við brugðist við flestu. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag og deildardagar vorannar verða hafðir með öðru fyrirkomulagi í júní þar sem deildir fá þriggja tíma fund og fara yfir fyrirfram ákveðin mál eins og til dæmis hvernig við getum stuðlað að lýðræði barna.

Því næst erum við að stíga skrefin í **Laufinu** sem er liður í að halda utan um umhverfis- og sjálfbærnimál leikskólans. Það helst bæði í hendur við það sem verið er að gera í Hafnarfirði með aukinni flokkun og við skóla á grænni grein en við erum að flakka **grænfánanum** í þriðja sinn.

Okkur bauðst að taka þátt í rannsóknaverkefni í samtarfi við heilbrigðisvísindasvið á nýju efni sem hannað er fyrir málörvun tví- og fjöltyngdra barna. Megintilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort að kennsluefnið **Orðaheimur** sé árangursrík aðferð til að kenna þriggja ára börnum með fleiri en eitt tungumál, íslensk orð og hugtök. Með góðu skipulagi og jákvæðni tókst okkur vel til og erum við spennt að sjá niðurstöðurnar með það í huga að vinna enn frekar með efnið í málörvun í leikskólanum.

Í maí fór stór hluti starfsmannahópsins í **námsferð** til Alicante þar sem við fengum kennslu í hvernig við getum kennt stærðfræði í gegnum leik, leikur að læra kennsluáferðir og krakkajóga. Þá var að sjálfsögðu mikið hópefli og var ríkjandi mikil samheldni í hópnum.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Starfsfólk:

Allir starfsmenn voru boðaðir í samtöl með leikskólastjóra ásamt deildarstjóra og í sumum tilvikum með aðstoðarleikskólastjóra í maí /júni þetta árið. Fórum við saman yfir styrkleika hvers og eins og áttum samtál um hvernig þeir nýtist best í starfi.

Þá fórum við yfir ákveðinn gátlista er tengist starfinu og starfsfólk búið að íhuga áður en það mætti í samtalið. Ábendingar starfsfólks voru teknar saman og þeim fylgt eftir. Í samtalinu var jafnframt farið yfir líðan og óskir starfsfólks fyrir næsta skólaár. Nokkrar óskir komu um endurmenntun fyrir næsta skólaár og starfsfólk setti sér ný markmið fyrir veturinn.

Fundir eru reglulega yfir skólaárið en á deildarfundum, stjórnendafundum, samráðsfundum, teymisfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum er meðal annars farið í að skoða hvað við erum að gera, skerpa á því sem vel er gert og fundin sameiginleg lausn á því sem þarf að bæta hverju sinni. Við teljum samtalið á fundum mikilvægt þar sem allt starfsfólk getur komið með sitt sjónarhorn og sína sýn á hvað þarf að bæta eða hvað við erum að gera vel.

Á þessu skólaári var boðið upp námskeið fyrir stjórnendur um innra mat sem við sátum reglulega yfir árið ásamt stjórnendum í Kraganum. Í kjölfarið á því ákváðum við stjórnendur sem sitjum í matsteyminu að byrja á því að skerpa á allri teymisvinnu innan skólans. Allir starfsmenn sitja í einhverju teymi og gefum við einu teymi í einu tíma til að hittast á föstudögum milli kl. 9:00 og 10:00 en þau þurfa að skrá sig á tiltekin fundartíma. Teymin sem um ræðir eru, læsisteymi, ferða og skemmtiteymi, vináttuteymi, stærðfræðiteymi, umhverfisteymi, heilsueflandi teymi, barnvænt samfélag og SMT teymi svo eitthvað sé nefnt. Verkefni þessara teyma er að rýna í og skoða hvað við erum að gera og hvað við getum gert betur og koma með áætlun.

Börn:

Í kjölfar af nýju frumvarpi Mennta og barnamálaráðherra er snýr að farsæl barna þá höfum við tekið ákvörðun um að beina sjónum okkar meira að því að efla lýðræði barnanna og hafa þar Barnasáttmálann til hliðsjónar og kalla enn meira eftir sjónarhorni og viðhorfi barnanna.

Orðaskil er lagt fyrir öll tveggja og þriggja ára börn leikskólans. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barna og vald þeirra á beygingarkerfi og setningargerð málsins. Ef niðurstöður gefa til kynna að börn eru undir eðlilegum viðmiðum þá óskum við eftir góðri samvinnu við foreldra/forráðamenn, með það að leiðarljósi að börnin fái aukna málörvun bæði heima og í leikskólanum.

Deildarstjórar, hópstjórar og/eða sérkennarar sjá um **Tras** skráningu á börnum á aldrinum tveggja til fimm ára tvisvar sinnum yfir skólaárið með sex mánaða millibili. Tilgangurinn með skráningunni er að geta fylgst með frávikum í mál- og félagsþroska með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Hljóm-2 er fyrir elstu börn leikskólans og eru þau skimuð í september/október. Þar er staða hljóðkerfisvitundar könnuð með sjö þáttum í stöðluðu prófi. Þau börn sem koma út með slaka færni í ákveðnum þáttum prófsins eru sett saman í hóp þar sem lögð er áhersla á að efla þá þætti. Í febrúar/mars er prófið aftur tekið með þeim börnum sem komu út í heild með slaka færni prófsins.

Farið er yfir stöðu barna út frá gátlista í **foreldrasamtölum**. Þar er aðalega leitað eftir styrkleikum en farið er yfir þá þætti sem barnið þarf að æfa sig í og er þá leitað til samstarfs við foreldra til að ná sem bestum árangri fyrir barnið.

2.2 Ytra mat

Tvær kannanir voru lagðar fyrir starfsfólk önnur í feb/mars sem var Vinnustaðgreining Hafnarfjarðar og hin í apríl 2023 frá Mennta og lýðheilsusviði. Þar eru þættir skoðaðir er varðar starfið, starfsfólkið, vinnustaðinn og stjórnun.

Við kynntum niðurstöðu starfsmannakönnunar fyrir öllu starfsfólki á morgunfundum í júní að loknum starfsmannasamtölum. Rýndum til gagns í niðurstöður, skoðuðum það jákvæða sem kom fram og það sem betur mátti fara. Sköpuðum þannig aðstæður til úrlausnar með öllu starfsfólki. Niðurstöður kannana komu vel út þegar á heildina er litið. Við skoruðum á mörgum stöðum vel yfir meðaltali miðað við aðrar stofnanir hjá bænum og á sumum sviðum við meðaltalið. Það sem helst var verið að kanna var starfsánægja, hollusta, tryggð við vinnustaðinn, ímynd, stjórnun, samstarf, starfið sjálft og starfsþróun. Við vorum aðeins undir meðaltalið þegar fólk er spurt um launakjör en það er eitthvað sem við getum ekkert gert í. Vinnuálag skoraði frekar hátt og er það eitthvað sem við þurfum að skoða frekar og vinna með.

Það kom fram að starfsmenn hafa mikla þörf fyrir símenntun og þyrstir í meiri fræðslu og umræður. Það má alveg tengja það við vanmátt þeirra á sumum sviðum því það vantar fagþekkingu en einnig vegna áhuga og mikils metnaðar að gera vel. Fólk telur helst hindrunina fyrir fræðslu vera vegna of lítills svigrúms vegna vinnutíma. Hlífarstarfsfólks sem eru 11 af 20 starfsfólki þetta árið finnst það ekki fá nægan undirbúningstíma sem er 1 klst. á viku. Það þurfa að koma stöðugildi á móti til að auka þann tíma en svo er ekki. Þess vegna reynum við eftir fremsta megni að bæta við þá tíma þegar hægt er og nýtum þá t.d. hluta af skipulagsdögum, hluta af starfsmannafundum og stundum deildarfundi til að veita fólki aukin tíma.

Það sem kom jafnframt fram er að fólk er ánæggt með stuðning frá stjórnendum og með þann stuðning sem það fær vegna barna með sérþarfir. Það kom líka fram að mikill meirihluti starfsmanna upplifir sig sem virkan þátttakanda í að móta starf skólans og að hlustað sér á raddir þeirra.

2.3 Umbótaáætlun samkvæmt innra- og ytra mats

Sú áskorun sem við þurfum að skoða þetta skólárið er álag sem fólk finnur stundum fyrir en það er eitt af því sem kom fram í niðurstöðum kannananna. Þetta finnst okkur áhugavert að rýna í og skoða hvað við getum gert saman til að draga úr þessu.

Við erum nú þegar með könnun í gangi meðal starfsmanna á því hvað það er sem veldur mestu álagi, hvaða tími dagsins það er og hvort fólk hafi einhverjar hugmyndir um hvað við getum gert til að draga úr álaginu. Við þurfum að skoða hvað hvert og eitt okkar getur gert, skoða viðhorf okkar og

orðræðu og skoða hvað við getum gert saman sem hópur. Við þurfum að skapa rými og tíma í þá vinnu, rýna í niðurstöðurnar og eiga opnar samræður. Við verðum að finna einhverja farsæla lausn til að draga úr streitu og álagi.

Verkefnið Heilsueflandi samfélag sem við erum nú hluti af mun væntanlega hjálpa okkur eitthvað til að finna leiðir til að draga úr álagi og stressi .

Í kjölfar af nýju frumvarpi Mennta og barnamálaráðhenna er snýr að farsæld barna þá höfum við tekið ákvörðun í matsteyminu að leggja áherslu á að efla lýðræði barnanna og hafa þar Barnasáttmálann til hliðsjónar og kalla enn meira eftir sjónarhorni og viðhorfi barnanna.

2.4 Húsnæði og lóð

Árlega fer starfsfólk á Umhverfis- og framkvæmdarsviði ásamt leikskólastjóra yfir húsnæði og lóð og skrá niður þær umbætur sem nauðsynlega þarf að gera.

„Það sem þarf að laga“ er samskiptablað á milli starfsfólks og Ragga húsvörðar um það sem þarf að laga **inni** og **úti**. En hann kemur reglulega til okkar og lagar eða kemur í rétt ferli.

Við erum komin með bættu og breytta starfsmannaaðstöðu í viðbótarhúsi (Steinaholt) sem við erum bara nokkuð sátt með. Getum þar með opnað aftur deildina fyrir börn sem byrja hjá okkur í haust.

Töluverðar framkvæmdir voru gerðar á lóð. Búið að skipta um hlið og girðingar að hluta sem voru orðnar ansi lúnar. Búið að setja nýjan sandkassa. Litli garður var stækkaður lítilega og settar upp ungbarnarólur . Dótaskúr verður lagfærður í sumar og minni dótaskúr í litla garði fer í vinnslu í vetur.

Málningarvinna er komin í ferli og verða allavega málaðar tvær deildir í sumar .

Síðan er eitt og annað sem smiðir munu sinna á næstunni sem ég er ekki að tína til hér.

Hreinsun á loftræstikerfi leikskólans er komið ferli og eigum von á að það verði gert meðan leikskólinn lokar.

Þörf er á að endurnýja gardínur en erum við að bíða eftir tilboði og væntanlega munum við dreifa því eitthvað á milli ára.

3. Áherslur í starfi leikskólans

Læsisstofna Hafnarfjarðar er stöðugt í endurskoðun. Í leikskólanum er unnið með kennsluefnið Lubbi finnur málbein með öllum árgöngunum, þar sem áhersla er lögð á hljóða- og stafainnlögn. Stokkarnir Ljáðu mér eyra eru nýttir til að efla hljóðkerfisvitund og hefur lestur aukist á öllum deildum en það er mikilvægur þáttur innan læsisverkefnisins. Sögugrunnur er námsefni sem unnið er með tveim elstu árgöngunum og með yngstu börnunum námsefnið með Bassa. Í bland við þessi námsefni sem upp hafa verið talin nýttu starfsmenn allra deilda sér kassa með orðaspjöldum og gera þá vinnu eftir sínu innsæi á fjölbreyttan hátt til að auka orðaforða barnanna. Auk þess að nýta allan þann flotta efnivið sem leikskólinn á.

Markmið: Við ætlum að halda áfram því öflugra starfi sem við höfum verið að vinna í vetur og bæta við aðferðinni Leikur að læra. Við vinnum með læsið í víðu samhengi og höldum því áfram. Þá höldum við einnig áfram að hafa til hliðsjónar Sprotasjóðsverkefnið okkar, samtaka í sömu átt - eflum orðaforða og málskilning og að festa í sessi verkferla sem tengjast þróunarverkefni okkar um snemmtæka íhlutun sem við kláruðum að gera á þar síðasta skólaári.

Leiðir að markmiði: Við munum halda áfram með skipulagsmöppur starfsmanna. Þróa enn frekar Bryggju- og Brúarstundirnar okkar í hádeginu með tveimur elstu árgöngum leikskólans. Halda áfram að nýta allt námsefni sem við höfum verið að gera og vera opin fyrir námskeiðum til að víkka sýn okkar á eflingu læsis í leikskólum.

Stærðfræði er fastur þáttur í starfinu á öllum deildum leikskólans. Það er lögð rík áhersla á tölur, talnagildi, form, liti og afstöðuhugtök. Áhersla hefur einnig verið fyrir því að vera vakandi fyrir stærðfræðinni í nánasta umhverfi okkar og í daglegu starfi.

Markmið: Við ætlum að halda áfram að efla skilning barna á stærðfræði í víðu samhengi. Þá munum við flétta stærðfræði inn í daglegt starf leikskólans áfram og nýta okkur hugmyndirnar að kenna stærðfræði í gegnum leik.

Leiðir að markmiði: Við munum halda áfram að leggja áherslu á tölur, talnagildi, form, liti og afstöðuhugtök. Með elstu börnunum bætum við inn einföldum samlagningar og frádráttar verkefnum. Þá verðum við með stærðfræðivikurnar á sínum stað tvisvar yfir skólaárið og höldum áfram að nýta allt námsefnið okkar sem við höfum verið að gera. Þá ætlum við einnig að vera opin fyrir námskeiðum til að víkka sýn okkar á eflingu stærðfræði í leikskólum.

Hugarfrelsi var í þróun í leikskólanum og var þá stór þáttur í daglegu starfi. Hins vegar hefur það ekki náð að festa sig nægilega vel í sessi síðast liðin tvö ár. Eftir að hafa farið á námkeið í krakkajóga ætlum við að breyta hugsuninni og bæta hugarfrelsi inn í starfið en ekki með skipulögðum stundum.

Markmið: Að staldra við og draga úr áreitinu sem við lifum í. Við ætlum að leggja áhersla á að nota öndunaræfingar, gera fjölbreyttar jóga æfingar, leiki og slökun.

Leiðir að markmiðum: Bæta inn stuttum hugarfrelsis æfingum fyrir samverustundir, í upphafi hópastarfs, Bryggju- og Brúarstunda og vera meðvituð að hafa æfingarnar í huga þegar þess þarf. Einnig tengja þær við teygjur og slökun í íþróttatímum.

Íþróttir í sal leikskólans eru vikulega hjá hverjum hóp og nú með sérsniðnu skipulagi þar sem hver stund byrjar á upphitun, svo tekur við ákveðið verkefni og endar tíminn á teygjum og slökun.

Markmið: Að auka hreyfingu barna í leikskólanum og valdefla starfsfólk í að stýra hreyfistundum jafnt inni sem úti.

Leiðir að markmiðum: Við ætlum að hvetja starfsfólk til að nýta sér betur hreyfimöppu sem unnin var fyrir nokkrum árum og inniheldur fjöldan af verkefnum fyrir salinn og eins möppu sem var gerð með hugmyndum af verkefnum sem hægt er að grípa með sér í vettvangsferðir. Við munum vera opin fyrir námskeiðum sem geta styrkt starfsfólk í vinnu við íþróttir bæði inni og úti.

Vináttuverkefni Barnaheilla er partur af starfi leikskólans og höfum við frá upphafi verið að þróa þær stundir. Verkefnið er unnið með þrem elstu árgöngum leikskólans en farið er vikulega í skipulagðar vináttustundir og oftast ef þörf krefur. Þá er gripið í bókina um vináttu og útivist og nýttar nuddsögur í stundunum. Yngstu börn leikskólans fá að kynnast bangsanum og vináttu tónlistinni sem hljómar reglulega á öllum deildum leikskólans. Unnið er ársbjól fyrir verkefnið sem er áætlun um fyrirlögn þannig að tekið sé á öllum þáttum verkefnisins með börnunum. Öll börn leikskólans fá hjálparbangsann Blæ í gjöf frá Foreldrafélagi leikskólans.

Markmið: Að efla forvarnir gegn einelti og kenna börnum að leggja orð á tilfinningar sínar.

Leiðir að markmiði: Við munum kynna öllum börnum fyrir Blær, tónlistinni og lesa úr bókunum sem Barnaheill hefur gefið út. Barnaheill heldur reglulega námskeið sem við höldum áfram að fara á.

Umhverfismennt er okkur ofarlega í huga og flögguðum við Grænfánanum í þriðja skiptið síðan 7. desember 2020. Í vetur höldum við áfram að flokka rusl í pappír, plast, matarleifar og almennt rusl. Þá erum við einnig með sér tunnur fyrir aðrar flokkar í miðrymi leikskólans. Þá ætlum við áfram að huga vel að matarsóun, notkun ljósa í tómunum rýmum og nýta betur efnivið sem fellur til við listsköpun. Í vetur bætist við skráning í Laufið sem við tengjum inn í vinnu að umhverfismennt leikskólans.

Markmið: Með verkefninu viljum við efla starfsfólk, börn og fjölskyldur þeirra enn frekar í umhverfisvænni hugsun, sem bærinn okkar er einnig farinn að gera. Þá leitum við leiða til að huga enn betur að umhverfinu og hvaða þætti við getum bætt í okkar skólastarfi til að vera umhverfisvænni leikskóli.

Leiðir að markmiði: Við viljum efla reglulega umhverfisráðsfundi yfir skólaárið, bæði með umhverfisráði skólans og umhverfisráði barna. Meta stöðu umhverfismála og nýta okkur Laufið.

SMT er fastur liður í starfi leikskólans og er lögð áhersla á að efla allt starfsfólk til að tileinka sér aðferðina. Unnið er með SMT klappið (saltkjöt og baunir) og yfirheiti leikskólans „Við erum snillingar að“ fara eftir reglunum sem eru sýnilegar öllum. Farið er ýtarlega yfir reglurnar reglulega yfir skólaárið.

Markmið: Samræma vinnubrögð og viðbrögð við óæskilegri hegðun og hvetja börn til að sýna æskilega hegðun. Við stefnum að því að nýta AHA skráningar betur næsta vetur til að undirbúa inngríp vegna hegðunarvanda barna. Reglur lagðar inn í upphafi skólaárs og upprifjun allt árið með reglu vikunnar.

Leiðir að markmiði: Notast við hugmyndafræði SMT, hafa reglur sýnilegar, nota skráningar, notast við brosmiða til að hrósa fyrir jákvæða hegðun. Skráningar eru unnar af starfsmönnum þrisvar yfir veturinn til að fylgjast með hegðun og í hvaða aðstæðum þær birtast. Metið reglulega yfir skólaárið á deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum hvernig gengur og er hægt að gera betur.

Leikur að læra er ný nálgun sem hluti starfsfólks fékk kennslu í á námskeiði í Alicante nýlega. Það felur í sér að kenna allt í gegnum leikinn og má þá helst nefna bók- og tölustafi, tilfinningar, samhæfingar og samvinnu. Starfsfólk heillaðist af þessari nálgun og vill vinna með hana.

Markmið: Festa leikur að læra inn í starfið okkar og nýta leikinn við fjölbreytta kennslu.

Leiðir að markmiði: Notaðu aðferðina og miðla áfram til þeirra sem ekki fóru á námskeiðið og einnig þegar nýtt starfsfólk byrjar að vinna með okkur.

4. Starfsmannamál og áætlanir

4.1. Starfsmannahópurinn 1. Maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	100%	Leikskólakennari
Aðstoðarleikskólastjóri	1	100%	Leikskólakennari
Sérkennslustjóri	1	0,94	Proskapjálfi
Deildarstjórar	3	100% 0,84% 0,87%	1x Grunnskólakennari 1x Leikskólaliði 1x Félagsráðgjafi
Hópstjórar	9	8,35	1x BS sálfræði 2x Leikskólaliðar 1x Söngkennari 2 x Stúdentspróf 3 x Framhaldsskólastig
Stuðningur	1	0,65	1x Framhaldsskólastig
Sérkennsla	1	0,85	1 x Leikskólakennari
Afleysing	2	1,75	1 x Stúdentspróf 1 x framhaldsskólastig
Samningur við Vinnumálastofnun	1	0,30%	Framhaldsskólapróf

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Allir starfsmenn eru teknir í starfsmannasamtöl á vorönn ár hvert. Leikskólastjóri ásamt deildarstjóra tóku saman öll samtöl þetta. Niðurstöður úr starfsmannasamtölum eru ávallt nýttar í endurmat.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

- Leikskólastóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku þátt í þróunarverkefni/fræðslu um innra mat.
- Stjórnendur í Hafnarfirði tóku síðasta hluta af Dear to lead námskeið vetrarins í Prag í október 2022.
- SMT stuðningur/handleiðsla hjá Mennta- og lýðheilsusviði fór aftur af stað fyrir þá sem eru í SMT teyminu.
- Tveir starfsmenn, deildarstjóri og sérkennslustjóri fóru í diplómanám í Farsæld barna í Háskóla Íslands.
- 4 starfsmenn fóru á Vináttunámskeið á vegnum Barnaheilla.
- Allir deildarstjórar og sérkennslustjóri tóku þátt í fræðslu og umræðum um Læsisstefnu Hafnarfjarðar fyrri hluta vetrar.

- Leikskólastjóri og sérkennslustjóri sátu fræðslu og vinnustofu um „Lestur er lífsins leikur“
- Deildarstjórar fengu fræðslu um að stjórna jafningjum.
- Fræðsla fyrir stjórnendur um málefni flóttamanna.
- Sérkennslustjóri fór á ráðstefnu sem Þroskaþjálfafélagið stóð fyrir þar sem var ýmis fræðsla er snýr að sérþörfum barna.
- Deildarstjóri sótti námskeið í TRAS.
- Stjórnendur fengu fræðslu um fjöltyngd börn.
- Stjórnendur fengu fræðslu um kynferðislegt ofbeldi á börnum.
- Leikskólastjóri og sérkennslustjóri tóku þátt í Farsældardegi Hafnarfjarðar (Farsæld barna)
- Öryggistrúnaðarvörður og öryggistrúnaðarmaður fóru á námskeið hjá Vinnumálastofnun
- 3 starfsmenn sátu Lubba-námskeið.
- Sérkennslustjóri fór á Gerd Strand námskeið sem er greiningartæki.
- Stjórnendur sátu fræðslu um vinnustaðagreiningu.

Fyrir alla

- SMT fræðsla.
- Beenfee kynning og fræðsla (hvatningarkerfi fyrir börn).
- Fræðsla um Barnvænt samfélag.
- Kynning á verkefni Heilsueflandi samfélags
- Flest allir starfsmenn fóru í námsferð til Alicante í vor og sátu eftirfarandi námskeið:
Stærðfræði í gegnum leikinn, krakkajóga og Leikur að læra.
- Skyndihjálp barna
- Jafningafræðsla það er að segja fagmenn innan skólann með örfræðslu um vettvangsferðir, hreyfingu, málörvun og skapandi efnivið

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Munum reyna okkar besta til að koma inn fræðslu sem starfsfólk kallar eftir. Dæmi um það eru: fræðsla um kvíða barna , starf með yngri börnum og fá fleiri verkfæri til að nota gagnvart erfiðri hegðun.
- Við munum nýta veturinn til að skerpa á og fræðast um lýðræði barna og viðhalda þekkingu á því sem við gefum okkur út fyrir að gera. Ýmist með jafningjafræðslu eða utanaðkomandi fræðslu
- Starfsmenn verða hvattir til að sækja námskeið á vegum Fræðslu og frístundasvið Kragans

- Starfsmenn verða hvattir til að fylgjast sjálfir með framboði á námskeiðum og óska þess að sækja námskeið.
- Á komandi skólaári höldum við áfram að tileinka okkur notkun á Straumi fræðslukerfi.
- Vonandi verður áfram boðið upp á íslenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn.
- Tveir starfsmenn á leið í meistaranám í menntunafræði leikskóla
- Ein starfmaður á leið í meistaranám í iðjuþjálfun
- Einn starfsmaður ætlar að bæta við sig diplómanámi í stjórnun menntastofnana.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum: 59 börn
- Kynjahlutfall: 24 drengir og 35 stúlkur
- Dvalarstundir: 641
- Deildargildi: 3
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki: 2
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað): 19
- Fjöldi barna með ofnæmi: 3
- Fjöldi barna með fæðuþol: 2
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku: 19
- Fjöldi tungumála: 12
- Þjóðerni forsjáraðila: 5 pólska, 1 þýska, 1 franska, 1 finnska, 1 arabískir, 3 enskir, 1 portúgalska, 1 kínverska, 2 serbókróatíska, 1 rúmenska, 1 lettneskur og 2 filipískur.

5.2 Foreldrasamvinna

Í **foreldraráði** Vesturkots eru þrjú fulltrúar. Ein af þeim er tengiliður við Foreldraráð Hafnarfjarðar. Allar skýrslur sem sendar eru til fræðsluráðs og/eða skólaskrifstofu hafa verið sendar til foreldraráðs til yfirllesturs og samþykktar og ábendingar ef einhverjar eru teknar til umfjöllunar.

Innritunasamtöl nýrra foreldra með deildarstjórum verða í júní og í ágúst vegna seinni úthlutunar á plássum. Foreldrafundur með stjórnendum skólans verða á aðlögunartíma barnanna í ágúst .

Í framhaldi af foreldrafundi í október er aðalfundur **foreldrafélagsins**, farið er yfir verkefni vetrarins, hlutverk þess, stöðu á reikningi og kosið í nýja stjórn. Allt er þetta öflugt fólk sem hefur komið að og haldið utan um ýmsar upptakur þetta árið. Þar má m.a. nefna jóllaleikrit, jólasvein og jólagjöf. Einnig hefur félagið haldið utan um piparkökumálun á aðventu og boðið upp á ýmislegt skemmtilegt á sumarhátíð skólans. Foreldrafélag hefur samþykkt að standa straum af kostnaði vegna Vináttubangsanna í tengslum við námsefnið Vináttu.

Foreldrasamtöl voru á skipulagsdegi í febrúar og þá voru foreldrar boðaðir í samtal í leikskólanum en í síma fyrir þá foreldra sem óskuðu eftir því. Í þessum samtölum er farið yfir stöðu barnsins, styrkleika þess og sameinast um að styrkja barnið í því og öðru sem þörf er á. Innritunarsamtöl eru tekin áður en barn byrjar í aðlögun og ef þörf er á fleiri foreldrasamtölum yfir skólaárið eru þau tekin í samráði við foreldra. Þegar við höfum talið þörf á eða foreldrar hafa óskað eftir samtali verðum við alltaf við því.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla Samráðsfundir hafa eiginlega fallið niður þetta skólaárið eða aðalega í formi tölvupósta eða símtala til að fylgja eftir heimsóknum barnanna á milli skólastiga .

Það var einn fundur skipulagður af Mennta og lýðheilsusviði þar sem við fórum yfir ýmis fagleg mál.

En áhersla í samstarfinu síðustu ár hefur verið að skipuleggja ýmsar sameiginlegar stundir, heimsóknir milli skólastiga og til að starfsfólk kynnist betur skólstarfi hvors stigs fyrir sig. Í samstarfshópi eru fulltrúar frá Hvaleyrarskóla og leikskólunum Álfasteini, Smáralundi og Vesturkoti.

5.3 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar fyrir skólaárið 2023-2024 verða 18. september, 13. nóvember, 26. febrúar (foreldra samtöl fyrir hádegi), 5. apríl og 10. maí. Starfsmannafundir verða 31. ágúst, 20. október, 30. janúar og 11. mars. Fundirnir verða áfram í upphafi dags kl. 8:00-10:00.

5.4 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- **Viðbragðs- og öryggisáætlanir ef upp kemur grunur um:**
- Einelti:
<https://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/skj%C3%B6l%20%C3%A1%20vef/eineltis%C3%A1%C3%A6tlun.pdf>
- Ofbeldi:
<https://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/skj%C3%B6l%20%C3%A1%20vef/ferlar%20um%20%C3%ADkamlegt%20ofbeldi.pdf>
- **Viðbragðs- og öryggisáætlanir við:**
- Slysum:
<https://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/skj%C3%B6l%20%C3%A1%20vef/ferli%20vegna%20Oslysa%20%C3%A1%20b%C3%B6num.pdf>
- Áföllum:
<https://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/skj%C3%B6l%20%C3%A1%20vef/%C3%A1falla%C3%A1%C3%A6tlun%202017.pdf>
- **Rýmingaráætlun:**
<https://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/r%C3%BDmingar%C3%A1%C3%A6tlun.pdf>
- **Móttökuáætlun barna:**
<https://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/m%C3%B3tt%C3%B6ku%C3%A1%C3%A6tlun%20n%C3%BDrra%20barna%20%C3%A1%20vesturkoti.pdf>
- **Móttökuáætlun nýrra starfsmanna:**
<https://vesturkot.leikskolinn.is/vesturkot/m%C3%B3tt%C3%B6ku%C3%A1%C3%A6tlun%20n%C3%BDrra%20starfsmanna%20-vesturkot.pdf>
- **Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina:** Jafnréttisáætlun Vesturkots verður tekin til endurskoðunar í vetur í samræmi við nýja jafnréttisáætlun Hafnarfjarðarbæjar.

5.5 Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði

Særún Þorláksdóttir
Leikskólastjóri